

Þarfasti þjónn nemandans




Herdís K. Brynjólfsdóttir, Korpuskóla

21. júní 2011

Skýrsla um þróunarverkefni Unnið í Korpuskóla 2010 - 2011

Þarfasti þjónn nemandans



Efnisyfirlit

Samantekt-útdráttur	3
Aðdragandi	4
Markmið verkefnisins	4
Framkvæmd	5
Mat á verkefninu	6
Lokaorð	6

Samantekt

Í aðalnámskrá grunnskóla er hvatt til útikennslu þ.e. að flytja kennsluna að einhverju leyti út fyrir vegg skólans. Það eykur fjölbreytni í kennslu og styrkir líkama og sál nemenda.

Í Korpuskóla var ákveðið að fara af stað með þetta verkefni; Þarfasti þjón nemandans til að auka fjölbreytni í kennslu fyrir nemendur með sérþarfir og koma til móts við þarfir þeirra.

Haustið 2010 veitti Sprotasjóður styrk fyrir þessu verkefni sem hannað er og unnið af sérkennara Korpuskóla, Herdís K. Brynjólfsdóttur, en stuðnings- og ábyrgðarmaður þess er skólastjóri, Svanhildur M. Ólafsdóttir.

Tveir til þrír nemendur fóru í hesthúsið í einu og var farið tvisvar til fjórum sinnum í viku. Oftast var farið á skólatíma og tók ferðin 2 – 3 tíma.

Í upphafi verkefnis var rætt við foreldra /foreldri, lagður fyrir spurningalisti og leyfi fengið fyrir ferð í hesthús. Gert var nokkurs konar virknimat á nemanda og rætt við kennara fyrir og eftir námskeið. Í framhaldi af því var gerð áætlun og skipulag fyrir hvern nemanda um það hvernig skyldi að þjálfun staðið.

Fylgiskjöl eru:

- ✓ Viðtal við móður þegar verkefninu var að ljúka hjá syni hennar.
- ✓ Viðtal við nemanda - eyðublað.
- ✓ Frétt á www.ruv.is - 25. mars 2011.
- ✓ Hvatningarverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur – 30. maí 2011.



Aðdragandi

Þörf er fyrir aukna fjölbreytni úrræða í kennslu fyrir börn með tilfinningavanda.

Reynsla þeirra sem hafa verið að vinna með fatlaða á hestbaki hefur sýnt að lækningaráttur reiðmennskunnar er fyrir hendi.

Má þar nefna jafnvægi, viðbrögð og samhæfingu auk áhrifa á ósjálfráða taugakerfið.

Bætt líkamsvitund og aukin samhæfing skynfæra, handa og fóta á ekki bara við um fatlaða, heldur alla sem kynnast reiðmennsku. Þetta hefur reynslan sýnt og því var ákveðið að gera tilraun með hestamennsku og reiðþjálfun fyrir nemendur með sérþarfir.

Til að koma svona verkefni í framkvæmd þarf að þróa og skipuleggja námið í nánu samstarfi við skóla og foreldra sem tekur yfir eitt skólaár. Hér er um þarft nýbreyttnistarf að ræða og hefur kennsla í þessu formi ekki verið reynd áður fyrir nemendur með náms- eða hegðunarvanda.

Skólastjóri hafði fullan áhuga og skilning á verkefninu og hvatti verkefnisstjóra til dáða. Skólasamfélagið var jákvætt og áhugi hjá foreldrum þegar verkefnið var kynnt.

Erlendis er góð reynsla af svona vinnu með hesta og börn; „Therapeutic riding“ ýmist hjá sjálfstætt starfandi kennurum eða í samvinnu við skóla. Þetta hef ég kynnt mér töluvert í Þýskalandi (Therapeutisches Reiten) og séð hversu góður kennari hesturinn getur verið og hvað hann hefur jákvæð áhrif á nemendur.

Markmið verkefnisins

Sjónum er beint að líðan nemenda og unnið að úrræðum til að styrkja þau og efla. Markmiðið er að þau finni fyrir vellíðan með hestinum úti í íslenskri náttúru og eigi frábæra stund saman í skemmtilegu umhverfi. Hestamennsku fylgir oftast andleg uppörvun, upplýfting og aukið sjálfstraust.

- ✓ *Búast má við bættum samskiptum milli nemenda þar sem þau læra tillitsemi bæði gagnvart hert öðru og við hestinn.*
- ✓ *Að styrkja nemendur sem stríða við þunglyndi eða brotna sjálfsmynd og bæta andlega og líkamlega líðan þeirra.*
- ✓ *Að læra að taka tillit til annarra.*
- ✓ *Að styrkja leiðtogahlutverkið*

- ✓ *Að þau eigi auðveldara með að setja sig í spor annarra og byggja upp traust gagnvart öðrum.*
- ✓ *Að læra undirstöðuatriði hestamennskunnar.*
- ✓ *Að kynna hestinum og geta umgengist hann af öryggi og óttaleysi.*
- ✓ *Að læra og hjálfa upp liðsheild og samskipti þar sem hesturinn er kennarinn*



Framkvæmd

Eftir virknimat við nemanda, viðtal við foreldra og umsjónarkennara er gerð áætlun. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir stöðu nemandans og gera síðan áætlun út frá því.

Verkefnið fór rólega af stað, en var fljótt að þróast og verða eftirsóknarvert. Farið var í hesthús þrisvar til fjórum sinnum í viku með tvo til þrjá nemendur í einu allan veturinn 2010 – 2011. Fjórir til sex nemendur fengu að fara í viku hverri í hesthús í Víðidalnum með verkefnisstjóra sem kom þeim milli staða á eigin bíl. Oftast var farið á skólatíma, en reynt að hafa það í lok skóladags því stundum vildi teygjast á tímanum í hesthúsinu. Ferðin tók 2 – 3 tíma með akstri milli staða.

Hver nemandi fékk sem svaraði 6 – 8 vikna námskeiði, en sumir voru þó allan veturinn.

Ekki var aðstaða til að komast í reiðhöll og fór öll kennsla og hjálfun fram úti. Því var mikilvægt að vera klæddur eftir veðri og reyndi það oft á nemendur að gera sér grein fyrir veðráttunni og því að vinna með hestana úti í hvernig veðri

sem var. Þetta gekk vel, nemendur voru áhugasamir og ábyrgir, þeir létu veðrið ALDREI stoppa sig af til að komast í hesthúsið.

Nauðsynlegt var þó að koma sér upp smá lager af aukafötum (vettlingum, sokkum og hlífðarbuxum).

Nemendur lærðu að kemma, beisla og leggja á hestinn. Lærðu um helstu líkamshluta, liti, hestanöfn og lítilsháttar um fóðrun og þrif.

Nemendur lærðu að treysta hver á annan þegar þeir skiptust á að teyma hinn meðan hann gerði einhverjar æfingar á baki hestsins. Þau lærðu að hoppa á bak berbakt og þurftu að finna og æfa jafnvægið meðan riðið var um í gerðinu eða þegar farið var í reiðtúr. Flestir voru þó í hnakk þegar farið var í reiðtúr út úr gerðinu.

Ýmsar æfingar voru gerðar á baki, s.s.hoppa af og á hestinn, standa upp, rétta út hendur, vera teymdur um með lokuð augun, henda bolta á milli og grípa, svo eitthvað sé nefnt. Til eru ýmsar æfingar sem hægt er að gera á hestbaki og var mikið unnið með það. Einnig var farið í reiðtúra um svæðið og stundum í lengri ferðir t.d. niður í Elliðaárdal þar sem reynt var að leika við kanínurnar.

Hindranir: *Segja má að ein aðal hindrunin hafi verið tímaskortur og svo auðvitað kostnaðurinn. Að koma sér á milli staða, skipta um föt og vera svo mættur á ákveðnum tíma aftur í skólann. Stundum var hægt að nýta síðustu tíma dagsins og gátu þá foreldrar sótt börnin sín í hesthúsið.*

Mikill kostnaður og vinna fylgir því að vera með hesta á húsi. Hesthúsplássið og fóður er mjög dýrt og þá er eftir að tala um hestana sjálfa og útbúnaðinn eins og reiðtygi, járningar, dýralækniskostnað o.fl.



Mat á verkefninu

Rætt var við foreldra og kennara í upphafi og við lok verkefnis.

Um er að ræða frekar huglægt mat, en reynt var að styðjast við spurningalista og hegðun nemandans.

Við tókum eftir því í skólanum að þeir nemendur sem unnið var með í þessu verkefni sýndu aukið sjálfstæði og voru oftár jákvæð. Sum fengu aukið sjálfsöryggi.

Foreldrar voru ánægðir og sögðu börnin sýna aukið áræði og styrk auk þess sem þau voru í meira jafnvægi.

Börnin sjálf voru mjög áhugasöm og sýndu framfarir í samskiptum, aukana tillitsemi og höfðu nú aukið þekkingu sína á hirðingu dýra. Öll börnin voru mjög ánægð.

- *Rannsóknir á árangri svona námskeiðs:*
 - *Bætta tilfinningastjórnun og félagsfærni*
 - *Betri líðan að mati foreldra og kennara*
 - *Betri sjálfsstjórn og færni í samskiptum*
 - *(Sbr. þýska rannsókn)*

Kynning

Verkefnið var í upphafi kynnt í skólanum fyrir kennurum og foreldrum. Síðan var reynt að koma því á framfæri í fjölmiðlum og kom ruv.is í skólann og fylgdi okkur í einni ferð í hesthúsið.

Sjónvarpið kom 25. mars 2011; www.ruv.is/frett/hestar-notadir-i-serkennslu

Síðan fékk verkefnið tilnefningu til „Hvatningarverðlauna“ og varð fyrir valinu. Skólinn fékk viðurkenningu og verkefnisstjóri fékk verðlaun.

Hvatningarverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur 30. maí 2011 (sjá fylgiskjal).

Búast má við frekari kynningu, enda hef ég fullan hug á að halda áfram með þetta áhugaverða verkefni.

PARFASTI ÞJÓNN NEMANDANS!

VIÐTAL VIÐ FORELDRA

Nafn: KAK Aldur: 10 ára Bekkur: 5. Dagsetn.: 14. apríl
2011

Rætt við: Móður: _____

- Rannsóknir á árangri námskeiðsins:
 - Bætta tilfinningastjórnun og félagsfærni
 - Betri líðan að mati foreldra og kennara
 - Betri sjálfstjórn og færni í samskiptum
 - (Sbr. þýska rannsókn)



1. Styrkleikar og áhugasvið KA:

Er að æfa körfubolta og íshokky. Hann hefur áhuga á „motorkross“ og æfir á sumrin.

Er músikkalskur og æfir á raf-bassa hjá Tónskóla Hörpunnar.

Hefur áhuga á leiklist og hefur verið á leiklistarnámskeiði. Er dýravinur og hefur nú fengið aukinn áhuga á hestum.

2. Sjálfmynd KA að mati móður:

Hefur ekki nógu gott sjálfstraust á ýmsum sviðum, en greinilega hefur hestamennskan mjög góð áhrif á hann og ýtt undir sjálfsöryggi, því hann er mun öruggari með sig og jákvæðari þegar verið er að ræða hestamenskuna og þessar ferðir með Herdísi í hesthús á skólatíma.

Í íshokkyinu og körfunni er meira keppnisform sem virkar stundum eins og það sé samkeppni milli einstaklinga.

3. Að treysta öðrum (hestinum) gefur mörg tækifæri til að styrkja jákvæða hegðun:

Uppbygging trausts við hestinn og milli nemenda, eins og Herdís hefur verið að þjálfar hefur virkað vel á KA.

Hann virðist eiga auðvelt með að treysta hinum krökkunum þegar kemur að hestamenskunni, sem einnig verða að treysta á hann.

Þarna í fámennum hópi sýnir hann jákvæða hegðun í samskiptum við hesta og menn.

4. Bætt samskipti:

Langtímasýn. KA þyrfti að vera lengur í þessu prógrammi því það virkar vel á hann auk þess sem hann sýnir því mikinn áhuga.

Erfitt er að meta árangur, enda á KA sína góðu daga og sína erfiðu daga í skólanum.

Undanfarið hafa góðu dagarnir verið fleiri, því KA kemur glaður heim úr skólanum.



Móðir segir: Þetta er frábært framtak - algjört frumkvöðlastarf.

Vel skipulagt og faglega unnið.

Hefur haft mjög jákvæð og góð áhrif á minn dreng.

Svo hefur kennarinn (verkefnisstjórinn) náð sérstaklega vel til hans.

Viðtal við nemanda

Nafn: _____ Aldur: _____ Bekkur: _____ Dagsetn: _____

Almennar upplýsingar

Hvað finnst þér gaman að gera eftir skóla? _____

Ertu eitthvað í íþróttum eða áttu þér önnur áhugamál? _____

Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin(n) stór/fullorðin(n)? _____

Hefur þú farið á reiðnámskeið eða hefur þú einhverja reynslu af hestum? _____

Sterkar hliðar

Hverju ertu góður í eða hvað finnst þér gaman að gera í skólanum? _____

Erfiðleikar nemanda

Hvað áttu erfitt með í skólanum? _____

Ertu með ofnæmi? _____

<http://www.ruv.is/frett/hestar-notadir-i-serkennslu>

Fyrst birt: 25.03.2011 18:58 GMT
Síðast uppfært: 25.03.2011 20:19 GMT

Hestar notaðir í sérkennslu



Prettán ára strákur segist ákveðinn í að verða tamningamaður en hann og fleiri nemendur í Korpuskóla hafa lært hestamennsku í vetur. Hún styrkir sjálfsmynd barnanna, segir kennarinn.

Tilraunakennsla í hestamennsku í Korpuskóla í Grafarvogi í vetur hefur gefist vel. Nemendurnir eru ánægðari en áður og sjálfstraustið hefur aukist segir sérkennari.

Verkefnið hlaut styrk enda frumkvöðlastarf. Hestamennska mun ekki hafa verið notuð markvisst í kennslu í almennum grunnskólum áður.

Fréttir

Nemendur og nýbreytniverkefni skóla fá viðurkenningu

30.05.2011



Stoltir handhafar nemendaverðlauna 2011.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, afhenti í dag nemendum, kennurum og skólastjórnendum nemenda- og hvatningarverðlaun ráðsins. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Seljaskóla. Alls fengu 36 grunnskólanemar og einn nemendahópur verðlaun fyrir að skara fram úr í námi, félagsstarfi eða á öðrum sviðum í sínum skólum.

Þá fengu 17 grunnskólar verðlaun og viðurkenningu fyrir þróunarstarf og nýbreytni í skólastarfi.

Verkefni til eftirbreytni fyrir aðra skóla

Þrjú skólar fengu Hvatningarverðlaun menntaráðs fyrir metnaðarfull þróunarverkefni:

- Árbæjarskóli fyrir verkefnið *Efling verklegrar kennslu í náttúruvísindum*
- Korpuskóli fyrir verkefnið *Parfasti þjónn nemandans*
- Fossvogsskóli fyrir verkefnið *Leikir í frímínútum*

Þrjú önnur verkefni grunnskólanna sem þykja til eftirbreytni fengu jafnframt viðurkenningu menntaráðs, m.a. verkefnið *Rathlaup í Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Laugalækjarskóla og Kynfræðsla fyrir nemendur með þroskahömlun* sem kom í hlut Öskjuhlíðarskóla. Formaður valnefndar var Óttarr Ó. Proppé varaformaður menntaráðs.



Lokaorð

Mikil ánægja var með verkefnið í skólasamfélaginu og nemendur og foreldrar sýndu því mikinn áhuga. Þetta er verkefni sem hefur góð áhrif á börn, en sérstaklega þau sem glíma við sérþarfir.

Vonast ég til að geta haldið áfram með það og er fullur áhugi fyrir því í skólanum. En til þess að það geti orðið er nauðsynlegt að útvega fjármagn, því þetta er kostnaðarsamt verkefni.

Dagsetning: _____

Herdís K. Brynjólfsdóttir, sérkennari Korpuskóla – verkefnisstjóri

Svanhildur M. Ólafsdóttir, skólastjóri
Korpuskóla

